

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/292****2015/EES/34/07****frá 24. febrúar 2015****um að samþykkja koltvísýring sem virkt efni til notkunar í sæfivörur
í vöruflokki 15 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 90 gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hollandi barst umsókn 22. febrúar 2012, í samræmi við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ⁽²⁾, um að færa virka efnið koltvísýring á skrá í I. viðauka við hana, til notkunar í vöruflokki 15, fuglasæfar, eins og skilgreint er í V. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Holland lagði matsskýrslu, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 30. ágúst 2013 í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB.
- 3) Sæfivörunefndin setti álit Efnastofnunar Evrópu fram 17. júní 2014, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 4) Samkvæmt því álit má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 15 og innihalda koltvísýring, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun hans séu uppfyllt.
- 5) Því er rétt að samþykkja koltvísýring til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 15, með fyrirvara um samræmi við slíkar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.
- 6) Þar eð mötin fjölluðu ekki um nanóefni ætti samþykkið ekki að ná yfir slík efni í samræmi við 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal koltvísýring sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 15, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 53, 25.2.2015, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértaek skilyrði (2)
Koltvísýringur	IUPAC-heiti: Koltvísýringur EB-nr.: 204-696-9 CAS-nr.: 124-38-9	999 mL/L	1. júní 2015	31. maí 2025	15	<p>Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efniinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.</p> <p>Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:</p> <ol style="list-style-type: none"> Vörurnar má eingöngu afhenda fagfólki sem fengið hefur þjálfun í að nota þær og því einu er heimilt að nota vörurnar. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að vernda notendur, þ.m.t. að þeir hafi aðgang að persónuhlífum, ef nauðsyn krefur. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að vernda nærstadda, s.s. með því að loka meðhöndlaða svæðinu. Með notkunarskömmum og notkunarleidd-beiningum skal tryggt að fuglar drepist án ónauðsynlegrs sársauka og þjáninga. Í notkunarskýrðum skal tilgreint að koltvísýringur skal notaður sem síðasta úrræði, í tengslum við áætlun um samþættar varnir gegn skaðvöldum, sem skal beinast að því að takmarka sem mest notkun slíks efnis.

(1) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörummi sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efniinu sem var metið.

(2) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrshanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/environment/chemicals/biocides/index_en.htm.